

FUNDARGERÐ

583. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var haldinn fimmtudaginn 13. desember, 2018 kl. 16.00 á skrifstofu sveitarfélagsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina.

Oddviti sveitarstjórnar, Einar Freyr Elínarson, setti fundinn og stjórnaði honum og óskaði eftir að eftirtalin mál yrðu tekin á dagskrá fundarins:

- Fundargerð frá fundi fjallskilanefnar vestari frá 12. desember 2018 og fylgiskjöld.
Verði liður I – 2 á dagskrá.
- Fundargerð frá fundi fjallskilanefnar eystri frá 29. nóvember 2018 og fylgiskjöl.
Verði liður I – 3 á dagskrá.
- Fundargerð fundar um málefni Dyrhólaeyjar.
Verði liður IV – 9 á dagskrá.
- Beiðni um umsögn vegna umsóknar um tækifærисleyfi.
Verði liður II – 2 á dagskrá.
- Samkomulag um uppræðslu í Víkurþjöru.
Verði liður III – 6 á dagskrá.
- Samkomulag um kjarasamningsumboð.
Verði liður III – 7 á dagskrá.
- Þjónustusamningur Hjallatúns við KPMG um launavinnslu.
Verði liður V – 2 á dagskrá.
- Þjónustusamningur Mýrdalshrepps við KPMG um launavinnslu.
Verði liður III – 8 á dagskrá.
- Samantekt um uppræðslu í Víkurþjöru árið 2018.
Verði liður V – 3 á dagskrá.

Samþykkt var að taka þessi erindi á dagskrá.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

Dagskrá fundarins:

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð frá 263. fundi Skipulags- og bygginganefnar, haldinn 6. desember 2018.

1. Smiðjuvegur 11 – Umsókn um byggingarleyfi

Skeljungur sækir um leyfi til að setja upp skilti við fánastengur.

Samþykkt samhljóða

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

- Samþykkt samhljóða

2. Mýrarbraut 3 – Umsókn um lóð

Lögð er fram umsókn um lóð Mýrarbraut 3 í Víkurþorpi. Áður en samið er úthlutun lóðar, þarf sveitarstjóri að fá samþykki nefndarinnar til að leyfa byggingu á parhúsi.

Nefndin getur ekki teki afstöðu til umsóknarinnar fyrr en nánari upplýsingar um fyrirhugaða

*RH
PT
EGLZ*

húsbýgginu liggja fyrir. Afgreiðslu frestað.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar
- Samþykkt samhljóða*

3. Ytri-Sólheimar 3 – Stofnun lóðar

Benedikt Bragason leggur fram gögn vegna skilgreiningar á lóðum að Ytri-Sólheimum 3-lóð og Ytri-Sólheimum 4-lóð. Sótt er um stækkun á lóð Ytri-Sólheima 3 í samræmi við uppdrátt.

Samþykkt samhljóða

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndar er lítur að stækkun lóðar Ytri-Sólheimar 3,
landnúmer 194088.*

- Samþykkt samhljóða

4. Hátún spennistöð – Umsókn um stofnun lóðar fyrir spennistöð Rarik.

Rarik sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar undir spennistöð við Hátún í samræmi við framlögð gögn.

Ákveðið að hafna umbeðinni staðsetningu og leggja til að spennistöðin verði flutt að Hátúni á milli Sigtúns og Króktúns.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

- Samþykkt samhljóða

5. Miðsvæði Víkurþorps – Umsókn um stöðuleyfi.

Lögð er fram umsókn fyrir stöðuleyfi fyrir söluvagn í miðsvæðis Víkurþorps.

Umræða hvort er ekki hægt til að búa til tímabundin sölutorg undir söluvagna.

Afgreiðslu máls frestað til næsta fundar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

- Samþykkt samhljóða

6. Mylluland 4 / Mylluland 6 – Umsókn um breytingu á deiliskipulagi.

Lögð er fram umsókn um breyting á deiliskipulag vegna Myllulands 4 og Mylluland 6 í Víkurþorpi. Í breytingunni felst að byggingargerð á íbúðarlóðar breytist úr einbýlishúsum í fjölbýlishús.

Samþykkt með fyrirvara um að skilmálum deiliskipulags verði framfylgt.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

- Samþykkt samhljóða

7. Mylluland 4 / Mylluland 6 – Umsókn um byggingaleyfi.

Lögð er fram umsókn um byggingaleyfi vegna Myllulands 4 og Mylluland 6 í Víkurþorpi. Umsókn er tengst með málið hér fyrir ofan.

Afgreiðslu máls frestað þar til aðaluppdrættir verða lagðir fyrir nefndina.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

- Samþykkt samhljóða

8. Smiðjuvegur 7 – Umsókn um breyting á deiliskipulag

PT
B1 ETT

Lögð er fram umsókn um breyting á deiliskipulagi vegna Smiðjuvegur 7 í Víkurþorpi. Ingvar Þórðarson kvíkmyndaframleiðanda fyrir hendi S12 103 ehf. leggur fram gögn fyrir byggingu af Sunnræna húsið og sótt er um breyting á deiliskipulag.

Eftirfarandi breytingar eru að ræða:

- lóðargerð frá lóð fyrir athafnasvæði í lóð fyrir verslun og þjónustu
- nýtingarhlutfall frá 0,4 í 0,6
- byggingu verði að hluta hærri en 7 m frá gólfkóta

Nefndin gerir athugasemdir við teikningar af byggingunni, bæði vegna fyrirhugaðrar gistiaðstöðu og nýtingarhlutfalli lóðar. Nefndin gerir einnig athugasemd við að ekki virðist vera gert ráð fyrir bílastæðum í samræmi við þá starfsemi sem þarna á að fara fram. A.ö.l. tekur nefndin jákvætt í verkefnið.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar
- Samþykkt samhljóða

9. Vesturhluti Víkurþorps – Verndarsvæði í byggð og deiliskipulag

Auglýst var tillaga fyrir verndarsvæði í byggð fyrir vesturhluta Víkurþorps. Athugasemdir hafa borist varðandi Halldórsverslun.

Nefndin þakkar fyrir áhugann en telur búið sé að fara í gegnum þessa umræðu og ákvörðun um staðsetningu verði óbreytt.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar
- Samþykkt samhljóða

10. Austurvegur 16 - Umsókn um stöðuleyfi

Lagt er fram umsókn fyrir stöðuleyfi vinnubúðar við Austurvegur 16. Skv. gögn gert er ráð fyrir verkfærageymslur, salerni, stakkageymslu og kaffiaðstöðu.

Nefndin samþykkir að veita stöðuleyfi til 30.06.19. Nefndin leggur áherslu á að svæðið verði afgirt á framkvæmdatíma.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar
- Samþykkt samhljóða

11. Austurhluti Vikurþorps - Strandvegur – Umsókn um breyting á deiliskipulag

Lögð er fram tillaga um stækkan af íbúðasvæði við Strandvegi.

Samþykkt með fyrirvara um að skilmálum deiliskipulags verði framfylgt.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

- Samþykkt samhljóða

2. Fundargerð frá fundi fjallskilanefndar vestari, haldinn 12. desember 2018 og fylgiskjöl.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

- Samþykkt samhljóða

3. Fundargerð frá fundi fjallskilanefndar eystri, haldinn 29. nóvember 2018 og fylgiskjöl.

PT
PH
GJ
GMS

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

- Samþykkt samhljóða

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Beiðni um undanþágu frá álagningu fjallskilagjalds vegna fjárfjölda frá Bergi Elíassyni í Pétursey.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir framkomna beiðni.

- Samþykkt samhljóða

2. Beiðni um umsögn vegna umsóknar um tækifærисleyfi.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi óskar eftir því að gefin verði umsögn við umsókn E. Guðmundssonar um tækifærисleyfi vegna dansleiks á Ströndinni 29. desember nk.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

- Samþykkt samhljóða

III. Málefni til umfjöllunar/ afgreiðslu

1. Beiðni um styrk frá Jaðarklúbbnum Víkursporti vegna nýframkvæmda.

Fram var lögð umsókn frá Jaðarklúbbnum Víkursporti um styrk vegna uppbyggingar á mótorcrossbraut og frisbígolfvelli.

Sveitarstjórn fagnar frumkvæði Jaðarklúbbsins en frestar ákvörðun um styrkveitingu til uppbyggingar á mótorcrossbraut og felur skipulags og bygginarfulltrúa að vinna að deiliskipulaggerð fyrir svæðið. Sveitarstjórn samþykkir að veita 200.000 króna styrk til klúbbsins til uppsetningar á frisbígolfvelli á Syngjandanum.

- Samþykkt samhljóða

2. Beiðni um umsögn vegna gjaldtöku á Sólheimajökulsmelum frá landeigendafélaginu Loðmundi. EFE víkur af fundi undir þessum lið.

Fram var lagt erindi sem Óskar Sigurðsson hrl. sendi fyrir hönd landeigendafélagsins Loðmundar, félag landeigenda á Sólheimatorfu, þar sem óskað er eftir bókun sveitarstjórnar um að hún leggist ekki gegn áformum um fyrirhugaða uppbyggingu á svæðinu sem byggð verði upp með bílastæðagjöldum.

Sveitarstjóri upplýsir að hún hafi átt í samskiptum við Óskar Sigurðsson sem lagði til að komið yrði á fundi með sveitarstjórn til þess að fara betur yfir málið. Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu málsins.

- Samþykkt samhljóða.

EFE mætir aftur á fundinn.

3. Drög að samþykkt á launakjörum kjörinna fulltrúa Mýrdalshrepps.

Fram voru lögð drög að samþykkt um launakjör kjörinna fulltrúa Mýrdalshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir drögin og að ný samþykkt taki gildi frá og með 1. janúar 2019. jafnframt að þau verði birt á heimasiðu sveitarfélagsins.


BH PT

- Samþykkt samhljóða

4. Fjárhagsáætlun 2019 – 2022, síðari umræða.

- a) Frumvarp að fjárhagsáætlun 2019 við síðari umræðu.
- b) Framkvæmdaáætlun 2019 við síðari umræðu.

Heildartekjur A og B hluta ársins 2019 eru áætlaðar 711.829 milljónir og rekstrargjöld án afskrifta 603.568 milljónir, afskriftir 40.768 milljónir og því rekstrarafgangur samstæðunnar þ.e. A og B hluta fyrir fjármagnsliði er áætlaður 67.403 milljónir.

Afborganir langtímalána á árinu 2019 verða 37.547 milljónir.

Á árinu 2019 eru fjárfestingar sveitarfélagsins áætlaðar 186. milljónir en á móti koma áætuð gatnagerðar- og tengigjöld upp á 89.050 milljónir.

Á árinu 2019 verður áfram unnið markvisst að því að tryggja undirstöður samfélagsins. Stefnt er að því að þetta byggð og hafa nægjanlegt og fjölbreytt lóðaframboð sérstaklega íbúðarhúsnaðis. Með því að þetta byggð nýtist betur sú fjárfesting sem þegar er búið að fara í við gatnagerð. Áfram verður allt gert til að hægt verði að tryggja vandaða og öfluga grunnþjónustu fyrir íbúa og styðja eins og kostur er við alla frekari uppbyggingu og styrkingu atvinnulífs í sveitarfélagini. Áhersla er lögð á að byggja upp íþróttamannvirki og auka þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps 2019 – 2022.

- Samþykkt samhljóða

5. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Sveitarstjórn samþykkir framkomna beiðni.

- Samþykkt samhljóða

6. Samkomulag um uppgræðslu í Víkurfjöru.

Fram var lagt samkomulag milli Mýrdalshrepps og Landgræðslu ríkisins um uppgræðslu og fokvarnir í Víkurfjöru.

Sveitarstjórn samþykkir samkomulagið.

- Samþykkt samhljóða

7. Samkomulag um kjarasamningsumboð.

Fram var lagt samkomulag um kjarasamningsumboð þar sem Mýrdalshreppur felur Sambandi íslenskra sveitarfélaga fullnaðarumboð til kjarasamningsgerðar fyrir sína hönd við tilgreind stéttarfélög.

Sveitarstjórn staðfestir samkomulagið.

- Samþykkt samhljóða

8. Þjónustusamningur Mýrdalshrepps við KPMG um launavinnslu.

Fram voru lögð drög að þjónustusamning Mýrdalshrepps við KPMG um launavinnslu fyrir sveitarfélagið.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að ganga frá undirritun.

- Samþykkt samhljóða

IV. Fundargerðir til kynningar.

1. **Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 19. október 2018.**
Lagt fram til kynningar.
2. **Fundargerð 192. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 5. desember 2018.**
Lagt fram til kynningar.
3. **Fundargerð 61. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu frá 6. desember.**
Lagt fram til kynningar.
4. **Fundargerð 41. fundar stjórnar Kötlu Jarðvangs frá 27. nóvember 2018.**
Lagt fram til kynningar.
5. **Fundargerð 35. fundar stjórnar félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu frá 27. nóvember 2018.**
Lagt fram til kynningar.
6. **Fundargerð 539. fundar stjórnar SASS frá 16. nóvember 2018.**
Lagt fram til kynningar.
7. **Fundargerð aðalfundar SASS frá 18.-19. október 2018.**
Lagt fram til kynningar.
8. **Fundargerð 2. fundar stjórnar Skógasafns haldinn 12. nóvember 2018.**
Lagt fram til kynningar.
9. **Fundargerð fundar um málefni Dyrhólaeyjar.**
Lagt fram til kynningar


V. Kynningarefni.

1. **Fjárhagsáætlun Skógasafns fyrir árið 2019.**
Lagt fram til kynningar.
2. **Þjónustusamningur Hjallatúns við KPMG um launavinnslu.**
Lagt fram til kynningar.
3. **Samantekt um uppgræðslu í Víkurkjöru árið 2018.**
Lagt fram til kynningar.

PT
EFLH

Oddviti óskar bókað: Oddviti, fyrir hönd sveitarstjórnar, þakkar Þorbjörgu Gísladóttur sveitarstjóra fyrir vel unnin störf við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins fyrir árið 2019. Oddviti þakkar jafnframt samstarfsfólk sínu í sveitarstjórn fyrir gott samstarf við gerð áætlunarinnar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:10




Einar Freyr Elínarson, oddviti




Ingi Már Björnsson



Drífa Bjarnadóttir



Ragnheiður Högnadóttir



Páll Tómasson

